



# Samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, 27. nóvember 1934

Bjarni Benediktsson – Samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í  
Reykjavík 27. nóvember 1934 – Aðfangadag – GamlársKvöld – Páska – Hvítasunnu -

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-3, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S a m b y k k t

um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík.

Staðfest 27. nóvember 1934.

1. gr.

Sölubúðum í Reykjavík skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis og þær eigi opnar aftur fyrir en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina: Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu eigi síðar en kl. 6 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda sölubúðum opnum til miðnættis. Næsta laugardag á undan þessum degi skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis.

Ennfremur skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis einn virkan dag til viðbótar í vikunni næstu fyrir jólin eftir ákvörðun lögreglustjóra.

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, þá er bejarstjórninni heimilt að ákveða að sölubúðum skuli um lengri eða skemmri tíma lokað fyrir en kl. 7 síðdegis og opnaðar síðar en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sunardaginn fyrsta og fyrsta mánudaginn í

ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar.

Hinn 1. maí 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegis, ef þessa daga ber upp á virka daga.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða, nema úr sjálfsöllum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Vinnutími sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum í Reykjavík, skal eigi vera lengri á degi hverjum en hjer segir:

Fyrir sendisveina á aldrinum 12 - 14 ára	8 klukkust.
- - - - 14 ára og eldri	9½ -

á dag.

8. gr.

Útsending á vörum, brjefburði og innheimtu, er sendisveinar



starfa að, skal lokið eigi síðar en 1 klukkustund eftir lokunartíma sölubúðanna, verkstæðanna eða skrifstofanna, og daginn fyrir almenna frídaga eigi síðar en tveim klukkustundum eftir lokunartíma.

9. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sjerstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða á til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum 20 - 500 krónum, og renna sektirnar beint í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og er jafnframt úr gildi numin samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík nr. 7 frá 5. janúar 1923, og breyting á þeirri samþykkt nr. 109 frá 14. nóv. 1931, og nr. 73 frá 2. júní 1933, svo og samþykkt um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða á skrifstofum í Reykjavík, staðfest 17. ágúst 1934.